

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Áshildarvegur 1-45.

Breytingin nær til vestasta hluta svæðisins og tekur til oddatölunúmera lóða 1-45 sem felur í sér að hluta byggðarinnar er breytt úr frístundabyggð í íbúðarhúsalóðir. Lóðirnar sem um ræðir voru 20, en fækkar í 18 vegna innbyrðis breytinga og sameiningar á nokkrum lóðum. Samþykkt í sveitarstjórn 15. maí 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. október 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. október 2019